72 7. maí. — *Ágrip af brjefi* landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* endurbœtur á fjallvegum. — Áður höfðu af fje því, sem í 10. gr. C. 6 fjárlaganna er veitt til fjallvegagjörða, verið lagðar 800 kr. til endurbóta á Vatnsskarði og Öxnadalsheiði, nú voru lagðar 1500 kr. til vegagjörðar á Grímstunguheiði.

73 8. maí. — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* lán úr viðlagasjóði. — Í þóknanlegu brjefi frá 3. marz síðastl. hafið þjer, herra landshöfðingi, borið undir samþykki ráðgjafans þá ráðstöfun yðar, að þjer með skilmálum þeim, er þjer höfðuð mælt fram með í brjefi yðar frá 17. septbr. f. á. hafið veitt sóknarprestinum að Kálfholti lán það til að byggja kirkju af timbri, sem neitað var um í brjefi ráðgjafans frá 4. nóvember f. á. sökum þess, hvernig þá stóð á fjárhag viðlagasjóðsins; en presturinn hafði endurnýjað beiðni sína um þetta eptir í trausti til þess, að honum yrði ekki synjað um lánið, að hafa tekið til láns hið nauðsynlega timbur, og voruð þjer komnir að raun um, að af lánum þeim, sem leyfð voru á árinu 1878 úr viðlagasjóði, mundu nokkur alls ekki verða tekin en önnur ekki á þessu fjárhagstímabili. Enn fremur hafið þjer skýrt frá því, að lán það, sem Þorvarður hjeraðslæknir Kjerulf hafði sótt um, sje ætlað til að kaupa jörð fyrir, er hann ætlar að setjast að á, og hafið þjer bent á, hvort ekki væri ástœða til, þar sem nú sjeu nœgileg peningaráð, bæði að veita þetta lán, að upphæð 3000 kr., sem og það 1200 kr. lán, sem presturinn að Reykholti hefir sótt um, til að endurbœta tún prestssetursins, með skilyrðum þeim, sem þjer hafið tekið fram í brjefum yðar frá 17. og 29. september f. á.

Fyrir því læt jeg ekki dragast þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg, eptir því, sem nú stendur á, hefi álitið, að jeg gæti samþykkt lán það, sem veitt er, 800 kr. handa Kálfholts prestakalli, og að jeg enn fremur leyfi, að lána megi 1200 kr. handa Reykholts prestakalli með skilyrðum þeim, sem þjer hafið mælt með, sem og handa Þorvarði hjeraðslækni Kjerulf 3000 kr., en þessa peninga ber, með því þeim mun varið einstökum manni í hag, að lána út með skilyrðum þeim, sem vant er að binda slík lán við.

74 14. maí. — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* leigumálann á brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu. — Með þóknanlegu brjefi frá 19. marz þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent ráðgjafanum fyrir Ísland til frekari aðgjörða beiðni Eggerts umboðsmanns Gunnarssonar og Þórðar verzlunarstjóra Gudjohnsens með 2 fylgiskjölum, þar sem þeir skýra frá því, að þeir sumarið 1876 hafi lánað Charles G. Warnford Loch sem fulltrúa hins enska fjelags «the north of Iceland Sulphur Company limited» peningaupphæð, og þar næst beiðast, að sjeð verði um að svo miklu leyti sem auðið er, að lán þetta verði endurborgað áður en rjettur sá verði seldur þriðja manni í hendur, sem nefnt fjelag hefir, samkvæmt samningi við hina dönsku dómsmálastjórn frá 13. apríl 1872, til að yrkja brennisteinsnámur landssjóðsins í Þingeyjarsýslu, og muni fjelagið líklega ráðgjöra slíka sölu.

Af þessu tilefni vil jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðöndunum, að ráðgjafinn, hefir þegar 28. ágúst f. á. samkvæmt 2. gr. leigusamningsins viðurkennt sem leiguliða málaflutningsmann Th. G. Paterson í Edinburgh, er hefir keypt rjettindi fjelagsins til að yrkja námurnar, og finnur hann ekki ástœðu til að gjöra neitt í þessu máli, en hlýtur að benda beiðöndunum á að leita með lögum og dómi rjettar þess, er þeir ætla sjer beri.